



**ROLEX**  
*Franch Michelsen*  
 ÚRSMÍÐAMEISTARI  
 LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900 • WWW.SVSS.IS

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...



Miðvikudagur 21. maí 2008 – 21. tölublað – 4. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 **visir**



**Ópinber sendiherra í Svíþjóð**  
 Segir vor í lofti í efnahagsmálum



Hugað að afþreyingu á vinnustað  
 Verða að kunna að leika sér

**Frístundin**  
 Ferðalög, heilsurækt og lestur



## Hagvöxtur evrulanda eykst

Hagvöxtur nam að jafnaði hálfu prósentu á fyrsta ársfjórðungi hjá aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofunarinnar (OECD). Samkvæmt fyrstu áætlunum, sem stofnunin birti í gær, er aukningin sú sama og í fjórðungnum þar á undan.

Hagvöxtur var hins vegar ívið meiri á evrusvæðinu, eða 0,7 prósent, og jókst frá því í fyrra, en á síðasta fjórðungi 2007 var hagvöxtur evrulandanna 0,4 prósent. Í Bandaríkjunum nam vöxturinn hins vegar ekki nema 0,1 prósent, eins og á lokafjórðungi 2007. Vöxtur á milli ársfjórðunga var mestur í Þýskalandi, 2,7 prósent, en minnstur í Japan, 1,1 prósent.



**NEW YORK Í BANDARÍKJUNUM** Hagvöxtur í Bandaríkjunum stendur í stað milli ársfjórðunga.

2007 var hagvöxtur evrulandanna 0,4 prósent. Í Bandaríkjunum nam vöxturinn hins vegar ekki nema 0,1 prósent, eins og á lokafjórðungi 2007. Vöxtur á milli ársfjórðunga var mestur í Þýskalandi, 2,7 prósent, en minnstur í Japan, 1,1 prósent.



**SKUGGABANKASTJÓRN MARKAÐARINS** Þórður Friðjónsson, Edda Rós Karlsdóttir, Ásgeir Jónsson og Ólafur Ísleifsson skipa Skuggabankastjórn Markaðarins sem kom saman á föstudag til fyrsta fundar síns á Hótel Holti og ræddi vaxtaákvörðun.

# Hækkunarferli stýrivaxta lokið

Skuggabankastjórn Markaðarins vill óbreytta stýrivexti.

**Björn Ingi Hrafnsson**  
 skrifar

Halda á stýrivöxtum óbreyttum, að mati skuggabankastjórnar Markaðarins, sem hefur komið saman í fyrsta sinn í aðdraganda stýrivaxtaákvörðunar Seðlabanka Íslands. Skuggabankastjórnin hefur áhyggjur af mögulegri ofkælingu íslenska hagkerfisins og telur því ekki skynsamlegt að hækka frekar vexti, þrátt fyrir verðbólguhorfur.

Skuggabankastjórn Markaðarins skipa Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, Ólafur Ísleifsson, lektor við HR, Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, og Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings.

Ásgeir telur enga tilviljun að orðið hafi gengisleki þrisvar sinnum hér á landi á aðeins áratug með til-

heyrandi verðlagshækkunum; ljóst sé að Seðlabankinn hafi ekki stjórn á verðbólguákvörðunum. „Um leið afhjúpast ákveðnir gallar í íslenska fjármálakerfinu sem þarf að takast á við nú þegar,“ segir hann.

Edda Rós bendir á að verðbólguákvörðunin nú sé staðreynd, en mikilvægt sé að benda á að eftir tólf mánuði sé útlit fyrir innan við fjögurra prósentu verðbólgu. Þórður segir dýrt að halda úti krónunni og stórauka þurfi gjaldeyrisvaraförðann ef halda eigi sjálfstæðri mynt, en upptaka evru þýddi að mun veigaminni rök væru fyrir því að leggja út í gífurlegan kostnað með harðri peningastefnu til þess að ná trúverðugleika. Hann fengist með evru. Ólafur segir íslensku bankana þá einu í Evrópu sem eigi sér ekki bakhjarl í lánveitanda til þrautavara, nema að svo miklu leyti sem Seðlabankinn geti lagt þeim til lausafé í íslenskum krónum.

Formaður SA:

## ESB-umræðan tekin úr gjafaumbúðunum

Vel getur verið að við Íslendingar séum að komast út úr þeirri efnahagslægd sem gengið hefur yfir landið en hún getur einnig dregist á langinn, segir Þór Sigfússon, formaður Samtaka atvinnulífsins, í grein sem hann ritar í Markaðinn í dag. Í greininni beinir Þór sjónum að tækifærunum sem felast í móttreyminu og bendir meðal annars á reynslu Finna í því sambandi.

„Finnar komust að því að ein ástæða samdráttarins var óábyrg hagstjórn, miklar launahækkanir sem voru aftur og aftur réttar af með verðbólgu og gengi finnska marksins. Þetta leiddi síðan til inngöngu Finna í ESB og upptöku evru. Við Íslendingar höfum reynslu af álíka hagstjórn. Eðlilega sprettur fram sambærileg umræða hérlandis um hvort svarið við þessu sé innganga í ESB og upptaka evru. Einstaka stjórnálamenn af hægri væng stjórnámalanna hafa tekið ESB-umræðuna úr gjafaumbúðunum og það er vel. Kannski er það enn eitt tækifærið sem skapast hefur í núverandi samdrætti að sú umræða fer nú fram með opnari hætti en áður hefur tíðkast,“ segir Þór.

„Þótt Finnar hafi litið á tiltekta eftir síðasta samdráttarskeið sem góðan undirbúning fyrir inngöngu í Evrópusambandið og EMU má það ekki draga úr áhuga fyrir því að svona hreingerning fari fram hérlandis. Óháð afstöðu okkar til ESB eigum við að líta á núverandi samdrátt sem tækifæri til þess að gera strax þær breytingar sem bætt geta samkeppnisstöðu okkar og gert okkur snjallari á næsta uppgangsskeiði.“

sjá bls. 10.

**TrackWell**

Tíma- og verkskráning  
 Flotastýring og eftirlit  
[www.trackwell.com](http://www.trackwell.com)

**Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar**

Peningabréf Landsbankans

Markmið  
 Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK	16,3%*
GBP	5,5%*
USD	2,8%*
CAD	3,5%*
EUR	4,1%*
DKK	4,2%*

**Landsbankinn**

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP/CAD/DKK eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru rekin af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluallísi sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögum um heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, visast til útbóðslýsingar og útdráttar úr útbóðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

\*Nafnvöxtun á ársgrundvelli (ACT/ACT) frá 1. apríl – 2. maí 2008.

## GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Atorka	-0,1%	-28,1%
Bakkavör	20,5%	-35,2%
Exista	6,7%	-44,7%
FL Group	2,8%	-55,3%
Glitnir	5,6%	-18,9%
Eimskipafélagið	0,2%	-40,2%
Icelandair	-3,9%	-24,9%
Kaupþing	0,1%	-9,1%
Landsbankinn	-3,7%	-26,5%
Marel	2,6%	-6,8%
SPRON	10,1%	-47,4%
Straumur	1,3%	-21,9%
Teymi	-2,0%	-41,4%
Össur	4,5%	1,5%

\*Miðað við lokagengi í Kauphöll í gær.

## Leggur áherslu á innri vöxt

Eimskip mun ekki leggja í miklar nýjar fjárfestingar heldur hlúa vel að þeim fjárfestingum sem farið hefur verið í. Áhersla er því á innri vöxt, að efla þá starfsemi sem til staðar er og leita tækifæra úr núverandi fjárfestingum, segir Gylfi Sigfússon, nýráðinn forstjóri Eimskipafélags Íslands.

Gylfi útskrifaðist frá Viðskiptadeild Háskóla Íslands árið 1990 og hefur starfað hjá Eimskip og tengdum félögum í átján ár. Undanfarin tvö ár hefur Gylfi verið framkvæmdastjóri Eimskip Americas, sem nær yfir flutningastarfsemi Eimskips í Bandaríkjunum og Kanada.



NÝR Í FORSTJÓRASTÓLNUM Gylfi Sigfússon hefur starfað í átján ár hjá Eimskipafélaginu. MYND/EIMSKIP

„Það er ánægjulegt að fá tækifæri til að taka við stöðu forstjóra Eimskips. Á þeim átján árum sem ég hef unnið hjá Eimskip og tengdum félögum tel ég mig hafa fengið góða innsýn í starfsemi félagsins og tækifæri þess til áframhaldandi vaxtar. Félagið hefur skapað sér sterka stöðu sem leiðandi alþjóðlegt flutningafélag og sem stærsta frysti- og kæli-

geymslufyrirtæki í heimi. Á þeim grunni mun ég byggja,“ segir hann. Spurður hvort gripidd verði til uppsagna segir Gylfi að hann muni á næstu vikum og mánuðum leitast við að fá góða sýn á starfsemi samstæðunnar.

- bpa

## Danir hækka stýrivextina

Danski seðlabankinn hækkaði óvænt stýrivexti á föstudaginn var um 10 punkta í 4,35 prósent. Þetta er fyrsta breyting á stýrivöxtum í Danmörku síðustu tvö ár. Bankinn óttast að danska krónan veikist. Skammt er síðan bankinn seldi gjaldeyri fyrir 7,8 milljarða danskra króna til styrkingar krónunnar. Seðlabanki Evrópu tilkynnti 8. maí að stýrivextir bankans héldust óbreyttir í fjórum prósentum. Helsta markmið danska seðlabankans er að halda gengi dönsku krónunnar föstu við evruna.

-as

## Hættur í stjórninni

„Ég vil ekkert um málið segja,“ segir Magnús Þorsteinsson, en hann hefur ákveðið að draga sig úr varastjórn Icelandic Group. Magnús var staddur erlendis á fundi og neitaði að tjá sig frekar um málið þegar eftir því var leitad.

Magnús gegndi stjórnarformennsku í Icelandic Group frá miðjum nóvember árið 2006 fram



MAGNÚS ÞORSTEINSSON

að síðasta aðalfundi félagsins í apríl síðastliðnum þegar hann steig úr stólum en gaf kost á sér til setu í varastjórn félagsins.

Þetta var í annað sinn á tæpu hálfu ári sem Magnús stendur upp úr stóli stjórnarformanns

hjá félagi sem skráð er í Kauphöll Íslands en skömmu fyrir síðustu áramót hætti hann sem stjórnarformaður Eimskipafélagsins. - jab

## Óvissa um verðbréfalán lífeyrissjóðanna

Forstjóri Kauphallarinnar vill að heimild til lífeyrissjóða til að lána verðbréf taki gildi nú í vor. Óvíst er að sjóðirnir fái heimild til að lána bréf. Hugsanlegt er að lánshlutfallið verði minnkað.

Ingimar Karl Helgason  
skrifar

„Þetta er framfaramál sem mér finnst mikilvægt að náist fram á þinginu í vor. En það er nefndarinnar og þingsins að ákveða þetta,“ segir Þórunn Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar.

Óvíst er að frumvarp, sem felur í sér heimildir til lífeyrissjóða til að lána verðbréf sín, verði að lögum. Skiptar skoðanir eru innan efnahags- og skattanefndar sem nú fjallar um frumvarpið. Þar hefur komið fram sú skoðun að minnka eigi það hlutfall sem lífeyrissjóðum verði heimilt að lána. Til stóð að efnahags- og skattanefnd lyki umfjöllun um frumvarpið í fyrradag, en því var frestað.

Kauphöllin átti frumkvæði að lagasetningunni. Þórunn Friðjónsson segir að verði frumvarpið að lögum, verði umhverfið hér eins og það er algengast annars staðar, Norðurlöndum þar á meðal. Hugsanlega mætti fresta gildistöku ákvæðis um hlutabréfalán til áramóta, en lán á skuldabréfum gætu orðið til þess að glæða lausafjárstöðu bankanna.

Lífeyrissjóðirnir eru fylgjandi frumvarpinu en vilja fresta því ákvæði þess sem heimilur þeim að lána hlutabréf.

Ögmundur Jónasson, þingmaður



MOKAÐ Í LÍFEYRISSJÓÐINN Deilt er um frumvarp sem heimilur lífeyrissjóðum að lána allt að fjórðung eigna sinna, verði það að lögum. Ekki var hægt að afgreiða það úr efnahags- og skattanefnd í upphafi vikunnar. Óvíst er að það verði að lögum í vor.

MARKAÐURINN/VILHELM

## Óvænt bjartsýni

„Bjartsýni manna kom mér á óvart,“ segir Hörður Arnarson, forstjóri Marel Food Systems.

Hörður var með erindi um vöxt og yfirtöku Marel á matvælavinnsluvélahluta hollensku iðnsamsteypunnar Stork á ráðstefnu um yfirtökur fyrirtækja í Stokkhólmi í Svíþjóð fyrir viku.

Marel, Landsbankinn og Eyfir Invest stóðu saman að yfirtökunni, sem gekk í gegn í byrjun mánaðar.

Sigurjón Árnason bankastjóri Landsbankans benti á að fyrirtækjakaup hefðu dregist mikið saman í byrjun árs en líklegt væri að samrunar fyrirtækja sem einblíndu á endurnýjanlega orkugjafa tækju kipp á næsta ári.

„Það er ljóst að umsvifin eru



HÖRÐUR ARNARSON Á RÁÐSTEFNU Kaup Landsbankans, Eyfir Invest og Marel á matvælavinnsluvélahluta hollensku samsteypunnar Stork voru kynnt í Svíþjóð í síðustu viku.

almennt minni nú en fyrri ár,“ segir Hörður. „Annars hafði ég nú reyndar reiknað með meiri svartýni,“ segir hann. - jab

## Forsetinn hrifinn

„Forsetanum leist vel á,“ segir Andri Ottesen, framkvæmdastjóri rekstrar- og upplýsingasviðs Carbon Recycling International (CRI). Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, kynnti sér starfsemi og framtíðarsýn fyrirtækisins í síðustu viku.

Í tilkynningu frá CRI er haft eftir Ólafi Ragnari að allt bendi til að fyrirtækið geti skapað ný tækifæri fyrir Íslendinga við nýtingu náttúruauðlinda, ekki síst ef unnt verði að draga úr koltvísýringismengun og vinna gegn gróðurhúsaáhrifum á heimsvísu. - jab

# Lyf gegn verðbólgu

Stuttur skuldabréfasjóður

Langur skuldabréfasjóður



### Stuttur skuldabréfasjóður

Traustur fjárfestingarkostur, stuttur líftími, litlar sveiflur.

### Langur skuldabréfasjóður

Traustur fjárfestingarkostur, langur líftími, meiri sveiflur.

Kynntu þér málið nánar á [spronverdbref.is](http://spronverdbref.is)

**spron**  
VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – [verdbref@spron.is](mailto:verdbref@spron.is) – [www.spronverdbref.is](http://www.spronverdbref.is)

Stuttur- og Langur skuldabréfasjóður eru verðbréfasjóðir skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðanna er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslysingar má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa, [www.spronverdbref.is](http://www.spronverdbref.is).

# Frábær fjárfesting

Nú er sala hafin á fyrsta verkáfangi af þremur.

## Iðnaðarhúsnæði við Kistumel 14

### Um byggingarnar

Byggð verða þrjú hús á samliggjandi lóðum og geta kaupendur fengið allt frá 144 fm. rými til 2900 fm. húss, allt eftir þörfum hvers og eins. Húsin eru byggð í þremur áföngum; fyrsti áfangi er Kistumel 14, sem klárast í ágúst. Annar áfangi eru Kistumel 18, sem klárast í september, og þriðji áfanginn er Kistumel 16, sem klárast í október.



### Um fyrirtækið

Kistuhlíð ehf. var stofnað í nóvember árið 2007. Eignaraðild skiptist á milli fagfjárfesta og manna með mikla reynslu af byggingariðnaði. Við sérhæfum okkur í byggingu iðnaðarhúsnæða.



### Skilalýsing

**Pak** er tvíhallandi úr einangruðum samlokueiningum. Pakrennur ásamt niðurföllum fullfrágengin og tengd frárennislögnum. Vegghæð húsa eru 7 til 9 metrar. Lofthæð millilofts er frá 2,5 til 3,6 metrar.

**Gólf** eru steipt og plata fullfrágengin.

**Pak:** eru úr einangruðum samlokueiningum. PIR 95 mm U value 0,3. Pakgluggar (skyligts til að tryggja góða vinnubirtu)

**Útveggir:** eru úr einangruðum samlokueiningum. PIR 80 mm U value 0,26

**Inniveggir:** eru úr stálklæddum steinullareiningum. Steinullar samlokueiningar með EI 60 brunavottun. Þykkt frá 100-120mm

**Gluggar & hurðir:** Gluggar og hurðir úr áli. Allir gluggar eru glerjaðir með tvöföldu verksmiðjugleri (K-gleri). Innkeyrsluhurðir úr áli rafdrifnar breidd 3,8 og hæð 4,5.

**Milliloft:** verða steipt.

**Stigar:** Allir stigar á milli hæða eru úr stáli.

**Pípulagnir:** Neysluvatnslagnir eru steiptar í gólf og er því búið að leggja þær að tengistöðum.

**Frárennislagnir** verða frágengnar að fullu, tengdar við fráveitukerfi og miðast við hefðbundin iðnað. Hitablásari er í hverju rými.

**Raflagnir:** Ídregin vinnulýsing. Rafmagnstafla uppsett fyrir vinnulýsingu. Lýsing er fyrir framan allar iðnaðarhurðir. Lóð verður skilað með malbikuðu bílaplani og athafnarsvæði.

### Staðsetning

Kistumel 14 er í Reykjavík rétt utan við Mosfellsbæ og stendur við Vesturlandsveg. Greið leið liggur úr Kistumelum um allt höfuðborgarsvæðið og landsbyggðina. Staðsetning Kistumela er góð og ýmis áform eru uppi í samgöngumálum sem eiga eftir að styrkja stöðu svæðisins enn frekar. Með Sundabraut verður tenging svæðisins við aðra hluta höfuðborgarsvæðisins mjög góð. Loks má nefna að mislæg gatnamót hafa verið hönnuð við Leirvogstunguhverfið. Með þeim verður aðkeyrsla að svæðinu enn opnari og öruggari en áður



## Ísland leiðandi í háhraðatengingum

Danmörk, Holland, Ísland, Norvegur, Sviss, Finnland, Kórea og Svíþjóð eru leiðandi í hlutfallslegri dreifingu á háhraðatengingum innan aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Meðalhúlfalið er þrjátíu áskrifir fyrir hverja hundrað íbúa og eru áður nefnd lönd langt fyrir ofan markið. Samkvæmt nýrri úttekt OECD, sem birt var á mánudag, voru áskrifendur að háhraðatengingum 235 milljónir

talsins í desember á síðasta ári. Það er átján prósentu aukning á milli ára.

Hlutfallslega voru flestir áskrifendur að háhraðanetum í Lúxemborg, Þýskalandi og Írlandi í enda síðasta árs. Það er fimm prósentu aukning frá í hitteðfyrra. Meðalvöxturinn nemur hins vegar þremur prósentum á milli ára.

Bandaríkin eru stærsti markaðurinn innan OECD með 69,9 milljónir áskrifenda. - jab

## Seðlabankar skoða bóluarnar

Bandaríski seðlabankinn ætti að vinna gegn bólumyndun á eignamarkaði og koma þannig í veg fyrir að efnahagslífið beri skaða af þegar þær springa.

Þetta segir Frederic Mishkin, einn af bankastjórum bandaríska seðlabankans. Mishkin vann skýrslu um íslenskt efnahagslíf ásamt dr. Tryggva Þór Herbertssyni, nú forstjóra Aska Capital, fyrir Viðskiptaráð í hittiðfyrra.

Mishkin segir seðlabankann verða að gera greinarmun á því hvers konar bólu bankinn eigi að beina sjónum að. Þannig telur hann að bankinn hafi átt að fylgjast betur með verðhækkun á fasteignamarkaði og bregðast við. Netbóluna, sem sprakk með látum um síðustu aldamót, hafi átt að láta í friði. Muninn segir hann felast í víðtækari áhrifum fasteignalána á efnahagslífið en



**FREDERIC MISHKIN** Íslandsvinurinn og bankastjórnir Frederic Mishkin segir bandaríska seðlabankann verða að bregðast við eignabólum.

hræringa á hlutabréfamarkaði.

Þá hefur fréttaveitan MarketWatch eftir Mishkin að stýrivextir bítu almennt ekki á bólu myndun. Fjárfestar geri svo mikla arðsemiskrófu að fjármögnunarkostnaður sé aukatriði og leita verði áhrifaríkari leiða, svo sem að sníða fjármála-fyrirtækjum þrengri stakk. - jab

## Finnar standa traustum fótum

Finnskur fjármálaheimur stendur traustum fótum um þessar mundir þrátt fyrir lánsfjákræppuna sem bituð hefur í bækur banka og annarra fjármálfyrirtækja víða um heim frá miðju síðasta ári.

Þetta er álit alþjóðlega matsfyrirtækisins Fitch, sem bætir við að fjármögnunarleiðir þriggja stærstu banka landsins séu dreifðar og þeir hafi ekki átt erfitt með að fjármagna sig.

Fitch bætir því hins vegar við að útlit sé fyrir að aðstæður finnskra fjármálfyrirtækja verði eilítið erfiðari á þessu ári en í fyrra. Um sé að kenna minni hagvexti í Finnlandi og samdrætti hjá helstu viðskiptalöndum Finna.

Umsvifamestu bankarnir í Finnlandi eru Nordea, stærsti banki



**KAMPAKÁTUR FORSTJÓRI** Christian Clausen, forstjóri Nordea, umsvifamesta banka Norðurlandanna. Matsfyrirtækið Fitch segir finnskan fjármálaheim standa traustum fótum. MARKAÐURINN/AFP

Norðurlandanna, OP Pohjola og Sampo Bank, sem er í eigu hins danska Danske Bank. Kaupþing og Straumur eru með starfsemi í Finnlandi, auk þess sem Exista á tæpan fimmtungshlut í finnska tryggingafélaginu Sampo sem seldi frá sér Sampo Bank á síðasta ári. - jab

## Dýrtíðin étur hagnað samlokuframleiðanda

Patrick Coveney, forstjóri breska samlokuframleiðans Greencore, segir útlit fyrir að hráefnisverð muni hækka áfram og verði jafnvel hærra á seinni hluta þessa árs en í fyrra.

Bakkavör tilkynnti á síðasta uppgjörsfundi í enda apríl að félagið ætti um ellefu prósent í samlokuframleiðandanum í gegnum skiptasamninga.

Coveney sagði í samtali við fréttastofu Reuters nýverið verðið hafa hækkað svo mikið upp á síðkastið að allt eins mætti reikna með að fyrirtækið yrði að verja öllum hagnaði síðasta árs og jafnvel ríflega það í efniskostnað á árinu. Rekstrarhagnaður Greencore í fyrra nam 91 milljón evra, jafnvirði 10,5 milljarða íslenskra króna.

Aðspurður sagði Coveney erfitt að segja til um áhrif aðkomu Bakkavara í hluthafahóp Greencore. Málið væri eðlilega viðkvæmt, ekki síst þar sem fyrirtækin etja kappi á breskum samlokumarkaði.



**BAKKABRÆÐUR** Forstjóri Greencore, sem Bakkavör á tæp ellefu prósent í, spár hærra hráefnisverði í haust en nú. MARKAÐURINN/VILHELM

„Þetta eru okkar stærstu keppinautar. En ég tel óvíst að alvarleg vandamál muni koma upp,“ sagði hann. - jab

## Tækifærin í Evrópu

Warren Buffett leit nú kaupþækifæra í Evrópu. Aðeins vel rekin og óskráð félög hljóta náð fyrir augum fjárfestisins.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson  
skrifar

Bandaríski ofurfjárfestirinn Warren Buffett, sem nýverið settist í hásetið á lista bandaríska viðskiptatímarisins Forbes yfir auðugustu einstaklinga í heimi, leit þessa dagana að fjárfestingartækifærum í Evrópu.

Buffett er nú á fjögurra daga hraðferð um Evrópu og mun koma við í einni stórborg á dag til að funda með fjárfestum og forkólfum í evrópskum fyrirtækjarekstri. Tilgangur viðræðnanna er að rekast á endanum á fjárfestingartækifæri í álfunni.

Ferðalag fjárfestisins aldna, sem um árabil hefur verið nefndur Vitringurinn frá Omaha sökum hæfileika sinna á sviði fjárfestinga, hófst í Þýskalandi á mánudag. Í gær fór hann til Lausanne í Frakklandi en í dag spókar hann sig í Madríd á Spáni, ef allt gengur eftir. Ferðinni lýkur svo á morgun í Mílanó á Ítalíu. Hann hélt blaðamannafund á flughóteli í Frankfurt á mánudag þar sem hann fór yfir tilgang fararinnar.

Í fyrsta lagi verður fyrirtækið sem Buffett ætlar að landa í nafni fjárfestingarfyrirtækisins Berkshire Hathaway að vera umsvifamikið með rekstrarhagnað upp á 75 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði rúmra 5,5 milljarða íslenskra króna, hið minnsta. „Það eru mörg fyrirtæki í Evrópu sem skynsamlega er fyrir okkur að kaupa,“ sagði Buffett og bætti við að á nýmörkuðum, sem hefðu verið mjög í umræðunni sem ört vaxandi markaðir, væru fá fyrirtæki sem gætu státað af slíkum árangri.

Bloomberg-fréttaveitan bendir á að Berkshire Hathaway sitji á digrum sjóðum, eigi 35 milljarða dala í lausafé og verði kaupin eðlilega að vera stór til að sjást hreinlega í efnahagsreikningi fjárfestingarfélagisins, sem hleypur á 200 milljörðum dala. Veitan bendir sömuleiðis á að stefnt sé að því að rúmur helmingur tekna fjárfestingarfélagisins komi utan Bandaríkjanna eftir þrjátíu til fjörutíu ár. Óvíst er hvort Buffett endist aldur til að upplifa það en hann er 77 ára. Félagið hefur hins vegar fjárfest talsvert utan landsteina, svo sem í Kína, Ísrael og í Bretlandi.

Ekkert hefur verið gefið upp um hvort ein-



**SVONA STÓRT FYRIRTÆKI?** Ríkasti maður heims, bandaríski öldungurinn Warren Buffett, er í verslunarleiðangri í fjórum stórborgum í Evrópu. Hann er með heimild upp á tæpa 2.600 milljarða króna. MARKAÐURINN/AP

hver fyrirtæki hafa þegar hlotið náð fyrir augum Buffett. Bloomberg bendir reyndar á að Þýskaland sé kjörin vettvangur fyrir milljarðamæringinn aldna en 75 prósent fyrirtækja þar í landi séu rótgróin, í einkaeigu og nokkur af þeirri stærðargráðu sem fjárfestirinn leit eftir. Þrjú gætu sérstaklega hentað vel í eignasafnið. Þar á meðal er Robert Bosch, eitt stærsta fyrirtæki heims á sviði varahlutaframleiðslu í bíla, lyfjaframleiðandinn Boehringer Ingelheim og lágvöruverðsköjan Aldi Group. Til gamans má geta að stofnendur keðjunnar eru bræðurnir Karl og Theo Albrecht, ríkustu menn Þýskalands, sem báðir eru á lista Forbes yfir tuttugu ríkustu menn heims.

## „Vel í sveit settur“

„Vöndull sér um vöruflutninga á milli Flúða og Reykjavíkur.

Við þurfum reglulega að endurnýja bílaflota okkar og þá kemur bara eitt fyrirtæki til greina. Ég hef átt ánægjuleg samskipti við Lýsingu síðastliðin 20 ár og veit að þar fæ ég ávallt góða þjónustu, hjá Lýsingu er ég einfaldlega best settur.“

Jóhann Unnar Guðmundsson framkvæmdastjóri,  
Vöndull ehf

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir

LÝSING

LÝSING.IS // 540 1500

# Heima er best!



**F3-hlaupabrautin** – fyrsta hlaupabrautin sem má brjóta saman en uppfyllir jafnframt gæðakröfur Life Fitness. Hana prýðir allt sem hefur gert Life Fitness-hlaupabrautir að fyrsta vali meðal fólks sem gerir kröfur um hámarksgæði og notagildi.

Í **X5-þrekþjálfanum** sameinast afburðatækni og falleg hönnun. SelectStride, stillanleg skreflengd, gerir notanda kleift að virkja fleiri vöðva og ná þannig hámarksárangri.

**Life Fitness, mest seldu líkamsræktartæki í heimi, eru af slíkum gæðum að þú getur aðeins vænst þess besta.**

**Life Fitness**

þrekhjól, hlaupabrautir, þrekþjálfar og æfingastöðvar

allt fyrir kroppinn  
**HREYSTI**  
Skeifunni 19 - S. 568 1717  
Opíð kl. 10-18 - Laugardaga 11-15

# Óopinber sendiherra landsins í Svíþjóð

Anders Fällman, forstjóri sænska fjármálaþjónustufyrirtækisins Invik, kom með fjölskylduna hingað í leyfi síðasta sumar áður en hann gerði upp við sig hvort hann vildi starfa áfram hjá félaginu eftir yfirtöku Milestone á því. Óli Kristján Ármannsson ræddi við Anders og komst að því að hann hefur tekið upp hanskann fyrir íslenskt fjármálaríf og efnahagssumhverfi þegar honum hefur þótt halla ótæpilega á landið í umræðum utan landsteinanna. Invik er á leið á markað í Svíþjóð á fyrri hluta næsta árs, en undir félagið hafa verið færðar íslenskar eigur Milestone.

Anders Fällman forstjóri sænska fjármálaþjónustufélagsins Invik hafði lítil kynni haft af Íslandi eða Íslendingum áður en Milestone lauk við yfirtöku félagsins síðasta haust.

„Ég hafði aldrei komið hingað þegar Milestone keypti sig inn í Invik. Ég var hins vegar forstjóri þegar félagið var í tilbodsferli. Tilboð voru opnuð 26. apríl í fyrra og ljóst að Milestone átti hæsta boð. Þetta var á fimmtudegi og á mánudagsmorgni var ég kominn í flugvél á leið til Reykjavíkur,“ segir Anders, en hann kom hingað nýverið til fundarhalds í tengslum við yfirtöku Invik á íslenskum eignum Milestone.

Í sinni fyrstu heimsókn til landsins í fyrravor fundaði forstjóri Invik með forsvarsmönnum Milestone og þeir ræddu stefnu félagsins og hlutverk. „Ég hringdi svo í konuna mína og sagði henni að ég teldi næsta skref þurfa að vera að við kæmum hingað með fjölskylduna í leyfi, því ég yrði að kynna landinu áður en ég tæki ákvörðun um næstu skref.“ Nokkrum vikum síðar var Anders Fällman kominn hingað með fjölskylduna í ferðalag. „Og skemmst er frá því að segja að við kunnum afar vel við bæði þjóð og land, en það var í raun hluti af ferlinu við að ákveða að halda áfram hjá félaginu. Síðan hef ég komið hingað ótal sinnum og kann mjög vel við mig.“

Anders segist, vegna þess að hann vinni, jú, fyrir íslenska eigendur þótt félagið sé sænskt,



ANDERS FÄLLMAN FORSTJÓRI INVIK Ekki er loku fyrir það skotið, að mati forstjóra sænska fjármálaþjónustufyrirtækisins Invik, að sama kunnari að eiga við um Ísland og Svíþjóð, að löndunum myndi farnast betur í myntsamstarfi Evrópuþjóða.

MARKAÐURINN/VALLI

líta að hluta á sjálfan sig sem nokkurs konar sendiherra í Svíþjóð, en þar er hann mikils metinn í fjármálarífi landsins. Til dæmis var Anders nýverið endurkjörinn stjórnarformaður sænska fjármálaþjónustufyrirtækisins Carnegie. Þar átti Milestone tíu prósent hlut þegar Anders var fyrst kjörinn stjórnarformaður en hefur nú aukði hlut sinn í sautján prósent. „Þegar fólk slúðrar og telur sig vita allt um hvert stefnir á Íslandi, kemur fyrir að ég ræski mig og bendi á að ef til vill væri betra að kynna sér staðreyndir.“ Hann segist telja að Ísland hafi orðið allverulega fyrir barðinu á lausafjarkreppunni sem gengið hefur yfir fjármálakerfi heimsins, en núna finnst honum eins og heldur birti til. „Þetta heyrir ég líka hjá norrænum fjárfestingar-

bönkum í Lundúnum. Í vetur voru þeir mjög svartsýnir fyrir hönd landsins en núna eru þeir fremur afslappaðir,“ segir hann og bendir á að gengi krónunnar hafi enda jafnað sig aðeins. „Þrengingarnar eru kannski ekki alveg að baki, en ástandið hefur heldur batnað. Eigum við ekki bara að segja að það sé vor í lofti?“

Anders segist ekki vilja blanda sér í stjórnálaumræðu hér um hvert skuli stefna í Evrópumálum. Hann kveðst hins vegar hafa verið fylgjandi bæði innngöngu Svíþjóðar í Evrópusambandið og talsmaður þess að landið tæki upp evru. „En ég er svo sem ekki sérfróður um stöðu Íslands og veit að þið njótið samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Þegar hins vegar kemur að umræðu um gjaldmiðla þá veit ég

frá Svíþjóð að þar hafa reglulega verið gerðar árásir á gjaldmiðlinn og þó erum við með mun stærra hagkerfi en Ísland. Á slíkum stundum er ekki verra að hafa bakland í stærra myntbandalagi, svo mikið get ég sagt,“ segir forstjóri Invik og kveðst því þeirrar skoðunar að til lengri tíma litið ætti Svíþjóð að taka upp evru. „Kannski á það líka við um Ísland, ég veit það ekki.“

Á næstu vikum kynni sænska fjármálaþjónustufyrirtækið Invik nýtt nafn. Breytingin er hluti af skipulagsbreytingum hjá félaginu, sem skrá á á markað í Svíþjóð á fyrri hluta næsta árs í kjölfar hlutfjárútbóðs. Invik er í eigu íslenska félagsins Milestone, en um síðustu áramót færðust bæði Sjóvá og Askar Capital undir Invik.

Um þessar mundir er unnið hörðum höndum að „straumlínulögun“ starfsemi Invik, sem nú hefur innanborðs fjármálaþjónustufyrirtæki þau sem áður heyrðu undir Milestone hér heima. Samþættingin og skerptar áherslur í rekstrinum eru svo undanfari þess að félagið verði skráð í Nasdaq OMX-kauphöllina sænsku á fyrri hluta næsta árs.

Þá hugleiðir stjórn Invik að breyta nafni félagsins. „Ætli breytingin gangi ekki í gegn innan mánaðar eða svo,“ segir Anders og bætir við að þótt breytingarnar séu ekki fastneglar sé líklegt að Invik taki yfir nafn Moderna, en undir því heiti rekur félagið tryggingastarfsemi víða á Norðurlöndum.

## STIKLAÐ Á STÓRU Í SÖGU MILESTONE

Í ár fer allnokkurt þúður starfsemi Milestone í endurskipulagningu þegar eignir félagsins fara undir sænska fjármálaþjónustufyrirtækið Invik. Hluti endurskipulagningarinnar er sala á ýmsum fasteignaverkefnum og hlutum í óskráðum félögum sem ekki eru í fjármálastarfsemi. Hér er á eftir stiklað á stóru í sögu Milestone:

**1999** Werner Rasmussen selur apótekið sitt til Lyfja og heilsu og Karl Wernersson tekur við stjórnarformennsku í félaginu. Hefst mikill vöxtur lyfjaverslanakeðjunnar. Milestone átti áttán prósent í Lyfjum og heilsu auk hlutabréfa í lyfjafyrirtækinu Delta.

**2002** Delta og Pharmaco sameinast í félag sem síðar verður Actavis.

**2003** Milestone eignast nær allt hlutafé í Lyfjum og heilsu.


**2004** Félagið byrjar að kaupa hlutabréf í Íslandsbanka (Glitni). Hagnaður félagsins var 975 milljónir.

**2005** Milestone kaupir 66,6 prósent hlutfjár í Sjóvá af Íslandsbanka fyrir 17,5 milljarða. Hagnaður félagsins var 14,7 milljarðar á árinu.

**2006** Milestone verður snemma árs stærsti hlutfarinn í Glitni þegar það eignast riflega fimmtungshlut. Félagið kaupir eftirstöðvar hlutfjár í Sjóvá fyrir 9,5 milljarða. Milestone stofnar Aska Capital og verður þar ráðandi hluthafi. Hagnaður félagsins var 21,4 milljarðar í árslok.

**2007** Félagið selur 13 prósent hlut í Glitni fyrir 54 milljarða króna og lýkur við 70 milljarða króna yfirtöku á Invik. Milestone selur öll hlutabréf sín í Actavis til Novators. Hagnaður ársins 21,3 milljarðar króna.

**2008** Allar íslenskar eigur Milestone færðar undir sænska fjármálaþjónustufyrirtækið Invik. Þar á meðal eru Askar Capital, Avant og Sjóvá. Starfsemi í lyfjageira er seld frá félaginu sem liður í straumlínulögun starfsemi Invik í fjármálaþjónustu áður en félagið verður skráð í sænsku kauphöllina á næsta ári.



Í BRUNNI HJÁ MILESTONE Karl Wernersson er stjórnarformaður Milestone og Guðmundur Ólason forstjóri félagsins. Þeir segja aukna áherslu á uppbyggingu félagsins utan landsteinanna rökrétt skref.

MARKAÐURINN/VALLI

## INVIK FRÁ '85

- 1985** Invik stofnað í kjölfar uppskiptingar á starfsemi iðnþróunarfélagsins AB Kinnevik.
- 1987-1997** Invik skráð í Kauphöllina í Stokkhólm. Eignarhald verður dreifðara.
- 2004** Invik hið fyrra og Kinnevik renna saman aftur í júlímánuði. Í ágúst verður til nýtt Invik sem dótturfélag Kinnevik og þá með Moderna-tryggingastarfsemi innanborðs.
- 2005** Eigendur hlutfjár Kinnevik eignast alla hluti í Invik.
- 2006** Glitnir kaupir Fischer Partners af Invik.
- 2007** Milestone leggur fram kautilboð í alla hluti Invik með milligöngu dótturfélagsins Racon Holding í Svíþjóð. Í júlí átti Milestone 98 prósent hlutfjár í félaginu og lauk yfirtökunni í ágúst.
- 2008** Dótturfélag Milestone á Íslandi færð undir Invik og unnið að undirbúningi að skráningu félagsins í Nasdaq/OMX-kauphöllina í Stokkhólm. Fyrirhugað að breyta nafni Invik og taka upp heitið Moderna á móðurfélagið.
- 2009** Skráning fyrirhuguð á markað á fyrri helmingi ársins.

## INVIK Á FYRSTA FJÓRÐUNGI 2008

- Fjárhagurinn**
- Hagnaður félagsins nemur rúmum 1,1 milljarði sænskra króna, eða rúmum fjórtán milljörðum íslenskra króna.
- Tekjur jukust um fjögur prósent milli ára, námu 535 milljónum sænskra króna á fjórðungnum (tæplega 6,7 milljörðum króna).
- Heildareignir námu í lok mars tæplega 33,5 milljörðum sænskra króna, eða tæplega 417 milljörðum íslenskra króna.
- Umfang eignastýringar Invik í lok fjórðungsins nemur 34,5 milljörðum sænskra króna (tæplega 430 milljörðum króna).

## NÁKVÆMIR MEÐ EINDÆMUM

Leysiprentararnir frá Konica Minolta eru dugmiklir, hagkvæmir í rekstri og prenta í frábærum gæðum. Þeir sinna daglegum prentverkefnum skrifstofunnar með stakri þrýði og ættu að vera fyrirmynd annarra á skrifstofunni – þeir sýna alltaf lit og leysa verkefni af mikilli nákvæmni.



**PAGEPRO 1400W**  
Litur: Nei  
Afköst: 16 bls/mín  
Tengi: USB  
Stýrikerfi: Windows  
Tilboðsverð: 13.900 kr.

**PAGEPRO 1350E**  
Litur: Nei  
Afköst: 20 bls/mín  
Tengi: USB, Parallel, Ethernet  
Stýrikerfi: Windows, Dos, Mac, Linux  
Tilboðsverð: 29.900 kr.

**MAGICOLOR 2500W**  
Litur: Já  
Afköst: 20 bls/mín í svart-hvítu, 5 bls/mín í lit  
Tengi: USB  
Stýrikerfi: Windows  
Tilboðsverð: 39.900 kr.

**MAGICOLOR 2530DL**  
Litur: Já  
Afköst: 20 bls/mín í svart-hvítu, 5 bls/mín í lit  
Tengi: USB, Ethernet  
Stýrikerfi: Windows, Mac, Linux  
Tilboðsverð: 48.900 kr.



„Hjá PwC fann ég þetta spennandi  
alþjóðlega umhverfi“ ...

Áslaug Rós Guðmundsdóttir, nemi í endurskoðun

... „Starfið hjá PwC er ennþá fjölbreyttara en ég þorði að vona. Það kitlar líka metnaðinn að vinna hjá stærstu endurskoðunarkeðju í heimi - með ótal möguleikum á alþjóðlegri reynslu. Þetta er flott fyrirtæki sem býður upp á krefjandi verkefni og öfluga fræðslustefnu. Vinnukúltúrin er mjög manneskjulegur, hér horfa menn fyrst á gæðin, svo á magnið.

Ég er á seinna ári í mastersnámi í reikningshaldi og endurskoðun við HR en vinn á sama tíma fulla vinnu hjá PwC. Það gengur vel að sameina námið og vinnuna. Svo nýtast mér ýmis verkefni í skólanum sem ég er að sinna í vinnunni. Þetta gæti ekki verið betra“.

EFLUR almannatengsl / HNOTSKÖGUR grafísk hönnun

PRICEWATERHOUSECOOPERS 

# Fundur settur í skuggabankastjórn ...

Ekki er ástæða til að hækka vexti og stutt er í að hratt lækkunarferli geti hafist, þar sem hætta sýnist á ofkólnun hagkerfisins. Þetta er niðurstaða fundar fjögurra valinkunnra hagfræðinga í skuggabankastjórn Markaðarins sem komið hefur saman til stýrivaxtaákvörðunar í undanfara slíkrar ákvörðunar hjá Seðlabanka Íslands. *Björn Ingi Hrafnsson* og *Björgvin Guðmundsson*, ritstjórar Markaðarins, sátu fyrsta fund bankastjórnarinnar og rituðu fundargerð, þar sem meðal annars er vikið að ástandi og horfum, hættu á launalækkunum á næstunni og fjallað um stöðu Seðlabankans sem lánveitanda til þrautavara.

**Það hefði verið hægur leikur að taka þann mikla afgang af ríkissjóði sem verið hefur á undanförunum árum og fjárfesta fyrir hann erlendis í skuldaþréfum. Með slíkum aðgerðum hefði verið auðvelt að byggja upp sterkan varaforða. Fyrir tveimur árum kom skörp aðvörun; bankarnir tóku mark á henni og byggðu upp sterkar gengisvarnir, en ríkið ekki.**

**S**eðlabankanum hefur alls ekki tekist að ná tókum á verðbólguvæntingunum. Hann hefur tekið þá afstöðu að elta gengið, sem er helsti áhrifavaldur í einkaneyslu og væntingum neytenda. Það er engin leið að stjórna fljóttandi gengi, sérstaklega ekki lítilli mynt á borð við krónuna á frjálsum fjármagnsmarkaði,“ sagði Ásgeir Jónsson, forstöðumaður Greiningardeildar Kaupþings, á fyrsta fundi skuggabankastjórnar Markaðarins, sem efnt var til í salnum Þingholti á Hótel Holti síðastliðinn föstudag.

Ásgeir bendir á að þetta sé í þriðja sinn á tíu árum sem verðbólgan hlaupi upp vegna þess að gengið gefi svona hratt eftir. „Síðast 2006 og þar áður 2001 án þess að Seðlabankinn fengi miklu um það ráðið og sprengdi um leið öll markmið bankans. Þetta er kallað gengisleki og hefur meðal annars þau einkenni að gengisbreytingin kemur mjög fljótt fram í verðlaginu, eins og gerst hefur mjög hratt núna.

Þetta er auðvitað engin tilviljun og sýnir að Seðlabankinn hefur því miður ekki stjórn á verð-

bólgu markmiðunum. Um leið afhjúpast ákveðnir gallar í íslenska fjármálakerfinu sem þarf að takast á við nú þegar, til dæmis með því að íbúðalánasjóðir hætti að vinna gegn markmiðum Seðlabankans.“

Ásgeir telur litla hækkun á vixlverkun launa og verðlags, en Seðlabankinn hefur varað við þeirri hættu. „Hér er að verða mjög hröð kólnun með uppsögnum. Við horfum fram á tölurverðan slaka á vinnumarkaði strax í haust án þess að það sjáist beint í atvinnuleysisstólum. Fólk skráir sig ekki á atvinnuleysisráð fyrir en í algera nauð rekur. Í miklu atvinnuleysi fer ekki mikið fyrir háum launakröfum og ég tel að við gætum fremur horft fram á lækkun launa þegar líður á veturinn.“

Seðlabankinn tekur þess vegna gríðarlega áhættu með hávaxta stefnu sinni, sérstaklega þegar litið er til þess að nú geisar fjármálakreppa á erlendum mörkuðum með mjög takmörkuðu aðgengi að fjármagni, ekki aðeins fyrir okkur Íslendinga heldur alla.

Það hefði verið hægur leikur að taka þann mikla afgang af ríkissjóði sem verið hefur á undanförunum árum og fjárfesta fyrir hann erlendis í skuldaþréfum. Með slíkum aðgerðum hefði verið auðvelt að byggja upp sterkan varaforða. Fyrir tveimur árum kom skörp aðvörun; bankarnir tóku mark á henni

## ÁSGEIR JÓNSSON



ÁKVEÐIN MISTÖK Ásgeir segir það hafa verið ákveðin mistök að hækka vexti.

## Skortur á seljanleika

„Ég tel að Seðlabankinn eigi ekki að hækka vexti. Í fyrsta lagi eru vextir komnir upp í 15,5 prósent og ég tel að hagkerfið muni kólna mjög hratt. Kólnunin verður jafnvel hraðari en við höfum verið að spá.“

Gengi krónunnar féll vegna tæknilegra atriða á gjaldeyrismarkaði, það er skorti á seljanleika. Það má velta fyrir sér hvort rétt hafi verið að hækka vexti vegna þess að þeir settu upp ákveðinn leik þar sem seðlabanki hækkar vexti gegn spákaupmönnum. Þetta er leikur sem hefur átt sér stað í öðrum löndum og endar alltaf þannig að hagkerfið lendir mjög illa í því. Það er hins vegar erfitt að lækka stýrivexti nú miðað við hvað verðbólgan er mikil og krónan undir miklum þrýstingi.“

**NIÐURSTAÐA: ÖBREYTTIR STÝRIVEXTIR**

og byggðu upp sterkar gengisvarnir, en ríkið ekki.

Sjálfsgagt nær Seðlabankinn aldrei þeim styrk að verða raunverulegur lánveitandi til þrautavara fyrir erlenda starfsemi bankanna, en það sem hann getur gert er að halda krónunni markaðshæfri. Hún er glugginn að íslenska fjármálakerfinu; ef hann frýs eins og gerst hefur að undanförunu eru allar íslenskar fjármálaeignir um leið frosnar. Það er ekki ástand sem hægt er að una við,“ segir Ásgeir enn fremur.

### BRÝNT AÐ ENDURSKOÐA PENINGAMÁLASTEFNUNA

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, fagnar aðgerðum Seðlabankans og norrænu seðlabankanna frá því á föstudag og telur þær skipta miklu máli. „Það er auðvitað geysilega mikilvægt að nú þegar hafi verið tilkynnt um gjaldeyris-skriptasamninga við þrjá seðlabanka og að meira sé í pípunum. Það er nokkuð sem við höfum kallað eftir og er til þess fallið að styrkja Seðlabankann, auka trúna á kerfið og hjálpa því að bjarga sér sjálft, ef þannig má að orði komast. Um leið er ljóst að aukið aðgengi að fjármagni losar um í öllu hagkerfinu og minnkar þannig líkur á alvarlegri kreppu,“ segir hún.

Að sögn Eddu Rósar er tölurverð hætta fyrir hendi á alvarlegri kólnun, en þó ekki hægt

að merkja það enn af hagvísunum. „Það vantar skýrari samantekt á fjárfestingaráformum; að mínu viti hefur verið slegið slöku við að safna gögnum til þess að auðveldara sé að vita hvernig og hvernig eigi að bregðast við. Þá hefur Seðlabankinn verið of tregur að tjá sig um einstakar aðgerðir eða verk stjórnvalda. Ég tel að það séu mistök, slíkir aðilar eiga tvímælalaust að skiptast á skoðunum frammi fyrir opnum tjöldum.“

Forsætisráðherra hefur boðað endurskoðun eða úttekt á peningamálastefnunni og Edda Rós telur brýnt að sú úttekt hefjist fyrir en síðar. „Að mínu mati hafa menn ekki verið nægilega opnir fyrir þeim möguleikum sem þó eru fyrir hendi. Kannski er ein ástæðan hvernig við byggjum upp okkar kerfi, hverjir sitja í bankastjórninni. Við hefðum þurft að beita öðrum aðgerðum og hefðum ekki þurft að vera svona nísk; það hefur ekki verið vilji til að byggja upp skuldaþréfamarkað sem virkaði í reynd og myndi þannig treysta verðmyndun á markaði. Það hefur síðan orðið til þess að Seðlabankinn hefur meira að segja sjálfur átt í erfiðleikum með að láta sína vexti virka úti í kerfinu. Við höfum verðtryggt kerfi, þannig að þetta er sérstaklega erfitt á Íslandi. Þetta þarf allt að skoða og fyrir en síðar.“

Til lengdar er hins vegar mikilvægt að horfa framhjá þeim

ÖVISSA FR  
vaxtahækkun

LÍ

„Ég held  
verið að  
og á þann  
sent of l  
hækka v  
ræðum þ  
ársfjórðu  
Ég tel  
peningur  
þau vanta  
móti til a

NIÐ



## SKUGGABANKASTJÓRN MARKAÐARINS

## EDDA RÓS KARLSDÓTTIR



RAM UNÐAN Edda Rós segir ekki áhættusamt að biða með stýri-  
un.  
MARKAÐURINN/GVA

## tum á peningamagn

að það ætti ekki að breyta vöxtunum núna. Við höfum skoðað Taylor mikið varðandi ákvörðun um stýrivexti, en mælikvarða eru stýrivextir í dag ríflega fimm prósent. Aðferðafræðin bendir til þess að það ætti að hafa mjög mikið. Þetta veldur okkur ákveðnum vandvörðum skammtíma raunvextir eru neikvæðir á þessum stigi vegna þess að verðbólgan er svo mikil.

„Eg tel ekki tilefni til þess að hreyfa við vaxtastiginu nú. Ég get að sumu leyti tekið undir þær forsendur sem komu fram hjá Ásgeiri Jónssyni að það er mikil kólnun auðfinnanleg í hagkerfinu. Á hinn bóginn er verðbólguhátt og á meðan það er svona hátt er rétt hinkra og sjá til.“

## URSTAÐA: ÓBREYTTIR STÝRIVEXTIR

## ÓLAFUR ÍSLEIFSSON



VEL VAKANDI Ólafur telur að vaka þurfi vel yfir stöðunni núna.

## Rétt að staldra við

„Ég tel ekki tilefni til þess að hreyfa við vaxtastiginu nú. Ég get að sumu leyti tekið undir þær forsendur sem komu fram hjá Ásgeiri Jónssyni að það er mikil kólnun auðfinnanleg í hagkerfinu. Á hinn bóginn er verðbólguhátt og á meðan það er svona hátt er rétt hinkra og sjá til.“

„Dær stýrivaxtahækkanir sem ráðist hefur verið í að undanförunu hafa skilað umdeilanlegum árangri, að minnsta kosti sumar þeirra. Ég efast að sumu leyti um hversu vel ígrundaðar þær hækkanir voru. En eins og málmur er komið held ég að það sé rétt að halda stýrivöxtum óbreyttum og vaka vel yfir stöðunni og sæta færri jafn skjótt og mögulegt er til þess að hefja lækkan vaxta.“

## NIÐURSTAÐA: ÓBREYTTIR STÝRIVEXTIR

## ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON



EINFÖLD ÁKVÖRÐUN Þórður segir ákvörðun um stýrivexti nú til þess að gera einfalda.

## Hætta á ofkælingu

„Ég er þeirra skoðunar að það eigi ekki að breyta vöxtum að þessu sinni. Rökin eru einfaldlega þau að hagkerfið er í hækkun. Það er mun meiri hættu á ofkælingu en að þensla fari að grafa um sig á ný.“

„Það er því augljóst í mínum huga og til þess að gera einfalt að taka ákvörðun. Peningamálastefnan á að vera framsýn. Verðbólguákvörðunin er að ganga yfir og við getum í sjálfu sér ekki gert mikið með það, heldur eigum við að leggja okkur fram við það að draga úr krafti verðbólgunnar þegar við komumst í gegnum verðbólgueldinn. Besta leiðin er að taka það rólega, anda með nefinu, halda stýrivöxtum óbreyttum og búa okkur undir að lækka vexti.“

## NIÐURSTAÐA: ÓBREYTTIR STÝRIVEXTIR

verðbólguákvörðun sem þegar er orðinn. Ef við horfum tólf mánuði fram í tímann er verðbólgan væntanlega eitthvað nær fjórum prósentum og jafnvel undir því. En næstu mánuði verða erfiðir, vegna þeirrar verðbólgu sem er þegar komin fram,“ segir Edda Rós.

## ROFIÐ SAMBAND MILLI GENGIS OG VAXTA

„Trúverðugleiki hvers seðlabanka er honum afar mikilvægur. Án trúverðugleikans er hann nánast lamaður til starfa. Það erfiða ástand sem nú ríkir er ekki síst afleiðing þess að hafa lagt upp með efnahagsstefnu sem byggðist á því að leggja mestan þunga af aðlöguninni á peningamálastjórnina. Við fáum það hressilega í bakið núna,“ segir Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík.

„Það mátti öllum vera ljóst lengi að peningamálastjórnin hefur ekki burði og ekki afl til þess að bera uppi alla þá aðlögun sem henni var ætlað að gera. Afleiðingin er sú að við sitjum eftir í ofurháu vaxtastigi, án þess að geta hreyft okkur mikið úr því í bráð. Við verðum að leggja yfir það, hvernig má vinna ofan af þessu og komast yfir á stöðugri grundvöll efnahagsstjórnunar en verið hefur hér,“ segir hann.

Ólafur segir að þrátt fyrir aðgerðir Seðlabankans virðist samband vaxta og gengis hafa rofnast áður í vetur. „Það er ótrúlegt

að sjá jafnvel fimmtíu punkta hækkan stýrivaxta án þess að sjáist högg á vatni. Rof á milli aðgerða bankans og þess sem síðan sést í hagtolum á borð við gengisvísitölu er alveg sérstakt áhyggjuefni. Það þýðir í reynd að í einhverjum skilningi rekum við ekki hefðbundni verðbólguákvörðun hér, heldur erum í einhverju landi sem virðist lítt eða ekkert hafa verið kortlagt.“

Hann telur gjalddeyrisskiptasamningana hafa jákvæð og góð áhrif. „Þetta eru mikilvægir samningar, en þó er mikilvægt að hafa í huga, að aðgerðir af þessu tagi miða ekki endilega að því að byggja upp sjóði eða lánalínur til að nota, heldur valkosti sem eru til staðar. Aflið felst í því að geta bent á það að þessir valkostir, þessar tryggingar, séu fyrir hendi. Íslensku viðskiptabankarnir eru að nokkru leyti þeir einu í Evrópu sem eru í þeirri stöðu að eiga ekki bakhjarl í lánveitanda til þrautavara, nema að svo miklu leyti sem Seðlabankinn getur lagt þeim til lausafé í íslenskum krónum. Auðvitað skilur hinn alþjóðlegi markaður þetta og þar er komin helsta ástæðan fyrir því háa skuldatryggingarálagi sem þeir hafa þurft að bera umfram aðra banka í sambærilegri stöðu. Seðlabankanum hefur verið ókleift að standa á bak við bankana með þeim hætti sem seðlabankar gera erlendis og vonandi verða þessar aðgerðir og þær sem boðaðar hafa verið

til þess að leysa úr þessari úlfakreppu.

Það er ekkert annað fyrir okkur að gera en efla gjalddeyrisskiptasamninginn með erlendu láni. Það hefði hins vegar mátt komast hjá því með því að Seðlabankinn hefði á umliðnum árum byggt upp sinn varaförða með viðskiptum á eigin gjalddeyrismarkaði. Með fyrir fram tilkynntri áætlun um hóflegar fjárhæðir í viku hverri, svo dæmi sé tekið, hefði mátt byggja upp digran sjóð á lengri tíma. Þessi leið var ekki farin,“ segir Ólafur.

## DYRT AÐ HALDA ÚTI KRÓNUNNI

„Trúverðugleiki verður ekki byggður á öðru en árangri og reynslu, ekki orðum og yfirlýsingum. Það tekur langan tíma að byggja upp orðstír fyrir gjaldmiðil, sama á við um hagstjórn. Slíkt verður ekki til á nokkrum dögum,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar og fyrrverandi Þjóðhagsstofustjóri. „Við erum nú á réttri leið, það varð ákveðinn viðsnúningur þegar forsætisráðherra lýsti því yfir á fundi í New York í Bandaríkjunum fyrir nokkrum vikum að yfirvöld stæðu á bak við bankana og myndu bregðast við á sama hátt og ábyrg stjórnvöld í hverju öðru þróðu ríki. Í framhaldi komu fleiri ráðherrar fram og boðuðu nauðsynlegar aðgerðir, til dæmis eflingu gjalddeyrisskiptasamningans.“

Vandinn er sá að við vitum ekki

hvert við erum að fara. Ef við ætlum að ná fullum trúverðugleika gagnvart sjálfstæðri krónu verður að gjörbreyta hagstjórninni. Við getum ekki rekið hagkerfið á 200 milljarða gjalddeyrisskiptasamningi og ríkisfjármálastefnu sem vinnur ekki alltaf með hagsveiflunni. Til að halda úti öflugum og sjálfstæðum gjaldmiðli þarf gífurlega öfluga sjóði og ríkisfjármálastefnu sem gengur jafnvel lengra en fræðin segja til um í að vinna gegn sveiflunum. Þetta er einfaldlega gjald sem þarf að greiða fyrir sjálfstæðan gjaldmiðil, svo einfalt er það.

Ef við höldum krónunni þarf að endurskoða hagstjórnina frá grunni. Ef við á hinn bóginn göngum í Evrópusambandið og tökum upp evru eru mun veigaminni rök fyrir því að leggja í gífurlegan kostnað með harðri peningastefnu til að ná trúverðugleika. Hann fengist á einfaldan hátt með evrunni, ef við veldum þá leið. Af þeim sökum skiptir miklu máli að menn geri upp við sig í hvora áttina stendur til að fara,“ segir Þórður.

**Það vantar skýrari samantekt á fjárfestingaráformum, að mínu viti hefur verið slegið slöku við að safna gögnum til þess að auðveldara sé að vita hvenær og hvernig eigi að bregðast við. Þá hefur Seðlabankinn verið of tregur að tjá sig um einstakar aðgerðir eða verk stjórnvalda. Ég tel að það séu mistök, slíkir aðilar eiga tvímælalaust að skiptast á skoðunum frammi fyrir opnum tjöldum.**

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Fjórir þjóðkunnir hagfræðingar koma saman og velta fyrir sér peningamálastefnunni og stjórn efnahagsmála.

## Skuggabankastjórnin

Björn Ingi Hrafnsson

Það var fróðlegt og skemmtilegt að sitja fyrsta fund skuggabankastjórnar Markaðarins á Hótel Holti síðastliðinn föstudag, en um leið er óhætt að segja að umræðan sem þar fór fram hafi vakið upp margar áleitnar spurningar um fyrirkomulag peningamálastefnunnar hér á landi og stjórn efnahagsmála.

Hugmyndin með skipun skuggabankastjórnar Markaðarins er að leiða saman þjóðkunna sérfræðinga og fræðimenn á sviði hagfræði og efnahagsmála og fá þá til að rýna í kortin og meta ástand og horfur. Taka svo yfirvegaða og faglega ákvörðun um stýrivexti með gegnsæjum og lýðræðislegum hætti – frammi fyrir opnum tjöldum.

Óhætt er að segja að vel hafi tekist til með skipun skuggabankastjórnarinnar. Í henni eru fjórir einstaklingar, allir með fjölbreyttan náms- og starfsferil og víðtæka þekkingu á innlendum og erlendum aðstæðum. Þegar þetta fólk kemur saman og rökræðir fræðin í bland við úrlausnarefni dagsins í dag, er þess vegna óhætt að leggja við hlustir.

Vitaskuld er tilefni þessa fyrsta fundar skuggabankastjórnarinnar ákvörðun Seðlabanka Íslands um stýrivexti, sem gerð verður heyrinkunn á morgun. Framvegis mun skuggabankastjórnin koma saman í aðdraganda reglubundinna vaxtaákvörðunardaga Seðlabankans og taka ákvörðun fyrir sitt leyti, en spá sömuleiðis í spilin um það sem framundan er. Fyrsta kastið mun verða greint frá fundum skuggabankastjórnarinnar hér í Markaðnum, en frá og með haustinu verður einnig sýnt frá fundunum í nýjum, vikulegum umræðuþætti Markaðarins á Stöð 2, þar sem fjallað verður um viðskipti, efnahags- og þjóðmál á breiðum grundvelli.

Skuggabankastjórnin er ekki síst sett á laggirnar til þess að fullnægja sívaxandi þörf fyrir upplýstar og faglegar umræður um efnahagsmál. Það eru ekki aðeins aðilar á markaði sem hafa áhuga á slíku, heldur einnig í vaxandi mæli almenningsur í landinu sem lætur sig varða fjárhagslega afkomu, horfur á vinnumarkaði, stöðu gjaldmiðilsins og ríkissjóðs á viðsjárverðum tímum. Gagnrýnt hefur verið að ákvarðanir Seðlabanka Íslands um stýrivexti séu teknar „í reykyfylltum bakherbergjum“ og án þess að gerð sé grein fyrir skoðanaskiptum í aðdraganda þeirra. Enginn veit hvernig atkvæði fóru í bankastjórninni, hver rökin hafi verið fyrir ákvörðuninni. Erlendis koma bankastjórar seðlabanka fyrir þingnefndir og upplýsa um stöðu og horfur, fundargerðir bankastjórna eru gerðar opinberar og skýrt frá því hvernig atkvæði hafa farið. Allt í því skyni að stuðla að sem mestu og bestu gegnsæi og allt sé uppi á borðum. Hér á landi hefur þessu því miður verið öfugt farið og er brýnt að ráðin verði bót á því sem allra fyrst.

Skipan bankastjóra Seðlabankans hefur enn fremur verið nokkuð til umræðu hér á landi á undanförunum árum, ekki síst í kjölfar þess að áberandi stjórn málaforingjar, jafnvel fyrrverandi forsætisráðherrar á borð við Steingrím Hermannsson og Davíð Oddsson, hafa verið skipaðir í embættið. Það viðhorf hefur verið uppi að ekki sé nægilega faglega staðið að slíkum skipunum; eingöngu „fagmenn“ eigi að sitja í bankastjórn. Einmitt í því ljósi væri fróðlegra en ella að sjá hvernig sjónarmið skiptast í bankastjórninni, hvort einhugur er þar jafnan ríkjandi eða heilbrigð skoðanaskipti og jafnvel átök. Við einfalda skoðun á þriggja manna bankastjórn sýnist nefnilega næsta augljóst að þar séu tveir hagfræðingar og einn lögfræðingur; einn fyrrverandi stjórn málaforingi og tveir reynslumiklir bankamenn.

Allt að einu standa vonir til þess að vaxtaákvörðun nýrrar skuggabankastjórnar og rökræðan að baki henni geti orðið nýtt og veigamikill innlegg í umræður um efnahagsmál hér á landi.

bjorgvin@markadurinn.is | bjorn.ingi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | olivikr@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is



**Annar hf**  
Suðurlandsbr. 46 • Sími 568 1020 • Annar.is

Ársreikningar  
Bókhald  
Skattframtöl

**Er heitt og þungt loft á þínum vinnustað?**

**Komfort loftkæling**

- \* Rétt hitastig og hreint loft
- \* Eyðir svifögnum, lykt off.
- \* Bætur heilsuna og eykur vellíðan og afköst starfsmanna

Gott úrval til á lager af öllum helstu gerðum.  
Komum á staðinn og veitum ókeypis ráðgjöf. s. 440-1800



[www.kaelitækni.is](http://www.kaelitækni.is) Okkar þekking nýtist þér ...

# Lægðin skapar tækifæri

ORÐ Í BELG

**Þór Sigfússon**  
formaður  
Samtaka  
atvinnulífsins.



uppsveiflu breytast oft áherslur í rekstri, hagræðing vikur fyrir „stærri markmiðum“ eins og yfirtökum og markaðssókn. Framundan er tímabil þar sem góð stjórnun og fagmennska í rekstri verður í algleymingi. Slíkt skapar traust á íslenskum rekstri og viðskiptalífnum almennt.

Íslenskt viðskiptalíf á einnig að líta á efasemdir erlendra fjölmiðla og markaðsaðila um gæði innviða íslenskra fyrirtækja, krossseignatengsl og krossstjórnarsetur, sem áskorun um að gera betur í þeim efnunum. Partur af því er klárlega að bæta stjórnarhætti fyrirtækja. Við eigum að sýna að við getum, án opinberra tilskipana, komið á stjórnarháttum sem eru til fyrirmyndar á heimsvísu.

Kannski má segja að eitt skemmtilegasta tækifærið sem hafi skapast við núverandi aðstæður sé vaxandi áhugi á neytendamálum. Þegar þörfin var hvað mest spruttu fram einstaklingar og hópar sem vöktu fólk til umhugsunar um neytendamál með allt öðrum hætti en núverandi stofnanaflóra hins opinbera hefur gert.

**EVROPUSAMBANDIÐ**

**FÆRT ÚR GJAFAUMBÚÐUNUM**

Með auknum áhuga almennings

á neytendamálum og sprotahópum á þessu sviði má hugsanlega umturna núverandi fyrirkomulagi, taka opinberar stofnanir á þessu sviði til endurskoðunar, nútímavæða Neytendasamtökin og gera neytendamál skemmtileg. Kannski verður niðurstaðan sú að Okursiðan og sambærilegar vefsíður verði í forystu fyrir neytendavakningu, sem er góð fyrir samkeppni í landinu og lífskjörin.

Finnar komust að því að ein ástæða samdráttarins var óábyrg hagstjórn, miklar launahækkningar sem voru aftur og aftur réttar af með verðbólgu og gengi finnska marksins. Þetta leiddi síðan til inngöngu Finna í ESB og upptöku evru. Við Íslendingar höfum reynslu af álíka hagstjórn. Eðlilega sprettur fram sambærileg umræða hérlendis um hvort svárið við þessu sé innganga í ESB og upptaka evru. Einstaka stjórn málamenn af hægri væng stjórn mála hafa tekið ESB-umræðuna úr gjafaumbúðunum og það er vel. Kannski er það enn eitt tækifærið sem skapast hefur í núverandi samdrætti að sú umræða fer nú fram með opnari hætti en áður hefur tíðkast.

Þótt Finnar hafi litið á tiltekta eftir síðasta samdráttarskeið sem góðan undirbúning fyrir inngöngu í Evrópusambandið og EMU má það ekki draga úr áhuga fyrir því að svona hreingerning fari fram hérlendis. Óháð afstöðu okkar til ESB eigum við að líta á núverandi samdrátt sem tækifæri til þess að gera strax þær breytingar sem bætt geta samkeppnisstöðu okkar og gert okkur snjallari á næsta uppgangsskeiði.



**EVROTURNINN Í FRANKFURT** Umræða um kosti og galla aðilar að Evrópusambandinu og Myntbandalagi Evrópu hefur aukist hér á landi. Greinarhöfundur vísar til reynslu Finna af samdrætti áður en kom til inngöngu í Evrópusambandið.

MARKAÐURINN/AFP

ORÐSKÝRINGIN

## Flöggun

Flöggun nefnist tilkynning sem send er út í kauphallarkerfi þegar eignarhald eða atkvæðisréttur vegna skráðra félaga fer upp eða niður fyrir ákveðin fyrir fram skilgreind mörk.

Tilfellið er nefnilega að eignarhlutir í félögum á markaði skipta oft hratt um hendur. Við hver viðskipti breytist hlutfallslegt eignarhald á viðkomandi félagi og við stærri viðskipti getur eignarhald eða atkvæðisréttur breyst svo mikið að skylt sé að tilkynna um það til Kauphallarinnar og hlutfélagsins sem um ræðir. Flöggunarskylda er svo við ákveðin mörk sem dregin hafa verið í þessum efnunum og ber að flagga í sérhvert sinn sem farið er yfir þau. Mörkin liggja við 5, 10, 20, 33,33, 50 og 66,75 prósent hlut.



**NASDAQ/OMX KAUPHÖLL ÍSLANDS** Þegar eignarhald eða atkvæðisréttur vegna skráðra félaga fer umfram fyrir fram skilgreind mörk ber að tilkynna það á markaði.

MARKAÐURINN/GVA

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson RITSTJÓRN: Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Ingimar Karl Helgason, Jón Aðalstein Bergsveinsson, Óli Kristján Ármannsson, Sindri Sindrason AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skattahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 512 5000 SÍMBREYF: 512 5301 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn skilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabóknum án endurgjalds.

## SPÁKAUPMAÐURINN

## Kæra Kauphöll

Nú lá við að stuðið væri búíð, elsku OMX Kauphöll. Það lá við að þú færir á hliðina, hefðir dregið síðasta andann og dáíð. Ég var reyndar ekki með hjartað í brókunum af ótta við að Seðlabankinn myndi ekki landa skiptasamningi við nokkurn kollega og að enginn ætti lengur monni nema ég og lífeyrissjóðirnir. Mér þótti það frekar leiðinlegt, enda eigum við saman okkar fortíð, kæra Kauphöll.

Sem betur fer urðu þessar áhyggjur að engu þegar bankinn sendi frá sér nótu í liðinni viku. Litlu fjárfestarnir brutu baukana sína og spruttu inn úr kuldnum með spariféð eins og krakkar í hverfissjoppu. En þetta var tæpt enda var ég búinn að hripa niður stutt minningarorð um Kauphöllina áður en Dabbinn dró trompið undan erminni. Gott ef það var ekki farið að slá í þetta spil.

Við höfum brallað margt skemmtilegt saman í gegnum tíðina, Kauphöllin og ég. Bæði brosað og grátið í hlutfalli við sveiflur á hlutabréfamarkaði. Þvílíkt sem ég hugsaði hlýtt til þín þegar BTB greiddi mér fyrir Actavis í fyrra – í evrum! Stærstur hluti þeirra liggur enn óhreyfður inni á bók og hefur fátt gert nema stækkað. Hinn hlutinn liggur í útlenskum söfnum og smotteri heima.

Ég man eins og það hafi gerst í gær að ég tók upp veskið í fyrsta sinn, sat úti í bíl með útkrotaða ársreikninga í annarri hendi og peningaveskið í hinni áður en ég keypti fyrstu hlutabréfin. Þær hafa verið margar stundirnar sem við höfum átt síðan þá. Já, jafnvel þótt við höfum ekki sést svo mikið upp á síðkastið enda versla ég orðið allt í gegnum netbankann.

Hvað um það þótt ég verði seint kallaður tilfinningasamur langtímajárfestir sem leggur allt sitt á trausta stjórnendur í gömlum og góðum fyrirtækjum. Slíkt er einfaldlega ekki mögulegt, mín kæra Kauphöll.

Hefði ég setið á bréfunum í FL Group, Existu, Kaupþingi og Glitni, nefndu það, bara af því að Hannes Smára er töff og Bakka-bræður skemmtilegir og kunna að gera vel við hluthafana, þá væri ég búinn að horfa á eftir bílunum bruna upp úr seðlaveskinu og fuðra upp í tómið. Þannig gerast ekki kaupin á minni eyri. Ég kaupi lágt, sel hátt og flyt monnið á milli enda ber ég hag minn fyrir brjósti.

En nú er þetta allt að koma hjá okkur. Sumarið verður rólegt, þú verður að jafna þig eftir vel heppnaða lífgunartilraun og kúra á gjörgæsludeildinni í sumar. Litlir fjárfestar munu koma í heimsókn annað slagið og hreyfa við þér. Annars verður þetta tími ferðalaga hjá mér á meðan monnið hvílir í öruggri geymslu inni á peningamarkaðsbók. Þegar haustið kemur banka svo lífeyrissjóðirnir á dyrnar og þá getum við tekið gleði okkar saman á ný, mín kæra Kauphöll.

Spákaupmaðurinn á horninu

### Er of hátt hitastig?

Loftkæling fyrir:

- Netþjóna
- Skrifstofur
- Veitingastaði
- Verlanir

ís-húsið  
S: 566 6000

Netverslun ishusid.is

## SAGAN Á BAK VIÐ ... MAGNÚS ÞORSTEINSSON

## Nú skilja leiðir

Magnús Þorsteinsson sagði sig sem kunnugt er úr varastjórn Icelandic Group á mánudaginn var. Er þetta talið staðfesta skilnað hans við Björgólfsfeðga en þeir hafa verið viðskiptafélagar allt frá árinu 1993 þegar þeir hófu starfsemi bjórverksmiðjunnar Bravo í Rússlandi. Orðómur um skilnað þeirra hófst reyndar í lok desember þegar Magnús sagði af sér sem stjórnarformaður Eimskipafélagsins. Magnús var framkvæmdastjóri Viking Brugg á Akureyri frá árinu 1988 en verksmiðjan var

flutt til Pétursborgar í Rússlandi og smátt og smátt byggði hann upp bjórverksmiðjuna Bravo ásamt Björgólfsfeðgum. Hún varð sjötta stærsta bjórverksmiðja í Evrópu þegar þeir seldu hana risafyrirtækinu Heineken árið 1999 fyrir um fjörutíu milljarða króna. Síðan keyptu þeir Pharmaco sem síðar varð Actavis og þekktastir eru þeir fyrir kaup sín á Landsbankanum árið 2002 undir nafninu Samson. Á sama tíma hóf Magnús eigin fjárfestingar en þá keypti hann helmingshlut í flugfélaginu Atl-

anta. Í upphafi ársins 2005 varð síðan Avion Group til þegar Atlanta, Íslandsflug, Excel Airways og Air Atlanta Europe sameinuðust. Sama ár keypti Avion Eimskipafélagið af Burðarási, félagi Björgólfsfeðga. Í lok ársins 2006 var nafni Avion breytt í Eimskipafélag Íslands.

Um mitt ár 2007 seldi Eimskipa-

félagið síðan Avion Aircraft Trading, flugvélahluta félagsins, til þess að einbeita sér að flutningsstarfsemi. Í lok desember sama ár sagði Magnús síðan af sér stjórnarformennsku í Eimskipafélaginu.

Magnús er fæddur á Djúpvogi árið 1961 en ólst upp á Egilsstöðum þar sem faðir hans var kaupfélagsstjóri.

Magnús fór síðan í Samvinnuskólann á Bifvinnuskólprófi.



## Blaðberinn minn hjálpar mér að hjálpa umhverfinu

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga, frá kl. 8-17, á meðan birgðir endast.

### Núna er ekkert mál að endurvinnna!

Blaðberi Fréttablaðsins er handhæg taska undir dagblöð og ýmsan annan pappír sem fellur til á heimilinu. Blaðberinn kostar ekki neitt og kemur þér á lagið með að endurvinnna dagblaðpappír.

Nældu þér í Blaðbera og geymdu hann á góðum stað.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið



**58.700,-**

**GALANT** borðplata,  
eikarspónn B160xD80 cm.  
Rafknúinir T-fætur.

## Standandi eða sitjandi

Með rafstýrri hæðarstillingu getur þú hækkað og lækkað borðplötuna eftir þínum þörfum. **GALANT** borðplötur fást í mismunandi stærðum og gerðum sem þú getur fest saman eða notað einar og sér. Sérhannaðu þitt eigið skrifborð í þeirri lengd og breidd sem hentar þínum þörfum best. Borðplöturnar fást í beiki, birki, eik, svarbrúnu og hvítu.



## DAGUR Í LÍFI...

Guðrúnar Rögnu Garðarsdóttur, framkvæmdastjóra Atlantsolíu

- 06.30** Vakna og hendi mér í ræktina og hleyp þar 5 km.
- 07.40** Kem heim. Jón Valur, maðurinn minn, er að reyna að koma guttunum okkar, Mikael og Breka, á fætur. En þeir neita að vakna enda fóru þeir allt of seint að sofa.
- 08.00** Jón Valur og strákarnir kveðja og drífa sig af stað, hann kemur þeim í leikskóla og skóla. Ég hef nokkrar auka mínútur til að gera mig klára.
- 08.40** Komin í vinnuna. Fæ mér kaffi og kíki á póstin. Renni yfir póst gærdagsins sem ekki náðist að svara.
- 09.00** Kíki niður í kaffistofu og hitti starfsfólkið. Erum alltaf með morgunkaffi og létt spjall einu sinni í viku.
- 09.30** Fer yfir sölutölur gærdagsins og skoða stöðuna á markaðnum. Vinn í ýmsum málum sem krefjast úrlausnar.
- 10.30** Fundur með sölustjóra, markaðsstjóra og þjónustustjóra.
- 11.30** Fundur með þjónustustjóra. Farið almennt yfir stöðuna í þjónustudeildinni.
- 12.00** Afgreiði nokkur símtöl.
- 12.30** Skrepp niður í eldhús og fæ mér að borða og les blöðin í leiðinni.
- 13.00** Fundur með verkfræðingum og tæknistjóra.
- 15.00** Erillinn aðeins farinn að minnka og ég get einbeitt mér betur að þeim málum sem ég er að vinna í og þarf að afgreiða.
- 17.30** Legg af stað heim. Eigum að vera mætt í afmælistamarboð hjá systur minni klukkan sex. Ég verð augljóslega aðeins of sein.
- 18.00** Mikael sonur minn þarf endilega að drífa í að teikna mynd handa Binnu frænku í tilefni afmælisins. Við röltum svo saman af stað og ég fæ að heyra hvað hann brallaði í skólanum í dag.
- 18.40** Komin til Binnu systur sem býr sem betur fer stutt frá. Mágur minn grillar fyrir okkur ljúffengan humar og kjúkling. Njótum kvöldsins með vinum og ættingjum.
- 22.30** Komin heim. Maðurinn minn, sem hafði drifið sig fyrr heim með þann yngri, er búinn að koma honum í háttinn. Ég kem þeim eldri í háttinn. Renni yfir áform morgundagsins. Kíki á póstin og þar er ekkert sem ekki má bíða til morguns.
- 23.15** Komin í rúmið. Les aðeins en sofna fljótt.



**ATLANTSOLÍA KOMIN Á KORTIÐ** Guðrún Ragna Garðarsdóttir, nýr framkvæmdastjóri Atlantsolíu, þarf í vinnu sinni að kortleggja vel samkeppnina og sóknarfærni. Í vikunni fór hún í afmælistamarboð hjá systur sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**KUNNA AÐ LEIKA SÉR** „Við sem erum að framleiða afþreyingarefni verðum að kunna að leika okkur,“ segir Magnús Ragnarsson, framkvæmdastjóri hjá Latabæ. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Afþreying á vinnustað

Magnús Ragnarsson hjá Latabæ, Jón Hörðdal hjá CCP og Sigurjón Þórðarson hjá Capacent eru sammála um að hægt sé auka starfsánægjuna á vinnustaðnum með skipulagðri afþreyingarstarfsemi. Vala Georgsdóttir forvitnaðist um í hverju sú afþreying gæti verið fölginn.

Það er alltaf skemmtilegt að sigra í leik, hver svo sem leikurinn er. Að leysa þrautir í leik getur verið krefjandi, en ef vel tekst til veitir það þeim sem það gerir mikla ánægju. Þetta eru algild sannindi sem fyrirtæki sem sérhæfa sig sérstaklega í afþreyingarefni eru sífellt að gera sér betur grein fyrir.



**SIGURJÓN ÞÓRÐARSON**

„Ef hægt er að auka starfsánægju með skipulagðri afþreyingu er það örugglega ein af þeim leiðum sem gott er að fara,“ segir Sigurjón Þórðarson, ráðgjafi hjá Capacent, þegar hann er spurður út í gildi þess fyrir fyrirtæki að leggja áherslu á að bjóða starfsmönnum sínum upp á aðstöðu sem ytir undir skapandi hugsun.

Jón Hörðdal, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs hjá tölvuleikjafyrirtækinu CCP, bendir á að skilningur á gildi afþreyingar í vinnutímanum hafi í raun alltaf verið til staðar. „Við sem vinnum við að búa til tölvuleiki sem eiga að vera skemmtilegir gerum okkur nú enn betur grein fyrir mikilvægi þess að starfsfólki þyki gaman í vinnunni,“ bendir hann á.

Í leikjaherberginu hjá þeim í CCP við Grandagarð er til að mynda að finna fótboltaspil og rafmagnstrommuset. Þar koma samstarfsmenn saman og taka þátt í hinum ýmsu leikjum. Hver og einn fær að láta ljós sitt skína í leik. Stemningin sem skapast við þær aðstæður er því með öðrum hætti en í þeim samskiptum sem eiga sér stað í skipulagðri vinnu.

„Við sem erum að framleiða afþreyingarefni verðum að kunna að leika okkur,“ segir Magnús Ragnarsson, framkvæmdastjóri hjá Latabæ. Í 5.000 fermetra húsnæði Latabæjar við hraunjaðarinn í Garðabæ hafa allir starfsmenn bæði aðgang að góðri líkamsræktarstöð og sérstöku afþreyingarherbergi. Leikjaherbergið er hugsað til að styðja við skapandi hugsun, en þar er til að mynda að finna bókasafn, taflborð og knattborð svo fátt eitt sé nefnt.



**FJÖR HJÁ CCP** Starfsmenn koma saman í vinnutíma og skemmta sér í leikherberginu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sigurjón hjá Capacent bendir á að með tíðari samskiptum á vinnustaðnum aukist líkurnar á að traust byggist upp, sem aftur leiði til þess að árangur af störfum fólks verði meiri. Fyrirtæki sem ætla að ná árangri verða að búa starfsmönnum sínum framúrskarandi starfsumhverfi, þjálfun og þróun. Starfsmenn hafa því tækifæri til að eiga frekar samskipti og að tengjast betur. Hluti af því markmiði er að skapa andrúmsloft þar sem leikgleðin er í fyrirrúmi.

Einn þáttur af mörgum til að byggja upp sterka liðsheild á vinnustað er að fá fólk til að eiga samskipti á óformlegu nótunum. Því betri samskipti sem starfsmenn eiga sín á milli á vinnustaðnum, því líklegri eru þeir til að deila með sér þekkingu.

## FRÍSTUND BALDURS PÉTURSSONAR AÐSTOÐARFRAMKVÆMDASTJÓRA EVRÓPUBANKANS (EUROPEAN BANK)

### Ferðalög, heilsurækt og lestur

„Hvað daglegar frístundir varðar reyni ég að viðhalda orkunni með heilsurækt,“ nefnir Baldur Pétursson, framkvæmdastjóri European Bank í London, þegar hann er spurður út í frístundir sínar.

„Áhugamálin eru þó nokkur, en tíminn til að sinna þeim öllum er nú reyndar ansi takmarkaður eins og gengur. Þar sem ég bý í útlöndum hafa sumarfríin verið nýtt í ferðalög með fjölskyldunni til nærliggjandi landa. Enda auðvelt að setjast upp í bílinn og keyra til margra áhuga-verðra staða.“

Baldur nefnir að með árunum hafi hann lært að meta landið

sitt betur. Í því samhengi nefnir hann sérstaklega víðáttuna og sérstakt landslagið. Í gegnum árin hefur fjölskyldan ferðast heilmikið í kringum landið. Það jafnast ekkert á við fara upp í sumarbústað, minnst hann á. En í sveitasælunni gefst yfirleitt góður tími til að slaka á, lesa og njóta íslenskrar náttúru.

„Á menntaskólaárunum spilaði ég með hjómsveitinni Hver, og þá var nú meiri tími til frístunda. Tónlistin hefur því alltaf verið mitt áhugamál. En með hljómsveitinni ferðaðist ég út um allt land. Og spiludum við á sveita-böllum og útihátíðum bæði hér á landi og eitthvað í útlöndum.“

„Einnig hef ég mikið gaman að því að sökkva mér í lestur á bókum og tímaritum um fjármálamarkaði, hagfræði og gengismál. Einnig koma heilsufræðin þar sterkt inn í sem áhugamál. Bækur eftir frumkvöðla, leiðtoga og fræðimenn eins og Thor Jensen, Bryan Tracy, Robert T. Kiyosaki, Jean Carper, Michael Porter og Warren Buffet er líka alltaf gaman að glugga í svo eitthvað sé nefnt,“ segir Baldur að lokum.

**SEKKUR SÉR Í LESTUR** Baldur Pétursson kafar í bækur sem tengjast vinnunni en einnig hefur hann gaman af bókum sem frumkvöðlar skrifa. Þá hefur hann með árunum lært að meta landið sitt betur.



# FYRIRTÆKIÐ VAKTAÐ ALLAN SÓLARHRINGINN

Firmavörn er beintengd stjórnstöð Securitas á Neyðarlinunni 112, þar sem starfsfólk okkar er ávallt í viðbragðsstöðu. Lykilbúnaður Firmavarnar miðast við mismunandi þarfir hvers fyrirtækis og er settur saman svo vörn fyrirtækisins gegn reyk-, vatns-, eða innbrotstjóni verði sem öflugust.

## Securitas býður einnig upp á margvíslegar öryggisvarnir s.s.

innbrotakerfi, aðgangsstýrikerfi, öryggismyndavélar, mannaða gæslu, öryggishnapp, vöruverndarhlíð, slökkvitæki, brunaviðvörðunarkerfi, sjálfvirk slökkvikerfi, verðmætaflutning, farandgæslu, hússtjórnarkerfi, rýrnunareftirlit.

Öryggisráðgjafar Securitas í síma **580 7000** benda þér á þær lausnir sem best henta þínu fyrirtæki.



**FIRMAVÖRN**

## BANKA HÓLFID

### Vík milli vina

Vík er sögð orðin milli vina í þeim þekktu Samson-hópi og er hóflega orðuð tilkynning til Kauphallar í vikunni um brott-hvarf Magnúsar Þorsteinssonar úr varastjórn Icelandic Group höfð til vitnis um það. Fyrir skemmstu fór Magnús, sem var framkvæmdastjóri þeirrar frægu Bravo-bjórverksmiðju í St. Pétursborg, með himinskautum ásamt Björgólfsfeðgum, og var aðaleigandi Avion og síðar stjórnarformaður bæði Icelandic og Eimskips. En nú er hann horf-inn úr báðum stjórnnum án nokkurra skýringa. Bæði félögin hafa tapað gífurlegum fjárhæðum og Björgólfsfeðgar, sem eru bæði helstu hluthafar félaganna og stærstu lánardrottinn gegnum Landsbankann, hafa tekið þar öll völd á kostnað þeirra gamla viðskiptafélaga, sem dvelst nú löngum stundum í Rússlandi og er kannski í þeim skilningi kom-inn aftur á byrjunarreit...

### LL styrkja rannsóknir

Landssamtök lífeyrissjóða hafa ákvæðið að styrkja Ólaf Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, um eina milljón króna vegna doktorsritgerðar sem hann vinnur að um íslenska lífeyriskerfið. Stjórn samtakanna samþykkti þetta á aðalfundi sínum fyrir helgi.

Ólafur vinnur að doktorsverkefni við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. Verkinu er skipt upp í þrjú kafla og vinnur hann að frágangi þess fyrsta.

Þá var samþykktur 400 þúsund króna styrkur til Rafns Sigurðssonar vegna mastersverkefnis hans um smíði líkans til að meta hversu mikil áhrif ávöxtun lífeyrissjóðanna og breytileg aldurssamsetning sjóðfélaga hefur á réttindaöflun sjóðfélaga.



### Von á þeim finnska?

Mikil og jákvæð viðbrögð við gjaldmiðlaskiptasamningum við seðlabanka Noregs, Danmerkur og Svíþjóðar á dögnum eru til marks um að beðið hafi verið eftir útspilum sem þessum af hálfu stjórnvalda og Seðlabankans. Nú fullyrða aðilar á markaði að sambærilegur samningur við finnska seðlabankann liggir fyrir og verði kynntur fljótlega, en enn sé unnið að samkomulagi við Seðlabanka Evrópu og Englandsbanka. Þá munu erindrekar Seðlabankans hafa leitað hófanna vestan Atlantsála, meðal annars með aðkomu bandaríska seðlabankans og JP Morgan.

**30** prósent er sú hækkun sem bréfum Marel Food Systems er spáð á næstu 12 mánuðum í nýrri greiningu Landsbankans.

**1,7** milljarðar punda er upphæð afskriftar breska bankans Barclays vegna niðursveiflu á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum á fyrsta ársfjórðungi.

**1,5** milljarðar evra er heildarupphæðin sem Seðlabanki Íslands hefur, samkvæmt nýju samkomulagi, kost á að taka að láni gegn krónum hjá seðlabönkum Svíþjóðar, Noregs og Danmerkur.

Hitaðu upp fyrir Eurovision

# 20% AFSLÁTTUR AF AMERÍSKUM BROIL KING GRILLUM!

**FRÍ HEIMSENDING Á SAMSETTUM GRILLUM Á HÖFUÐ-BORGARSVÆÐINU**



Fylgir frítt með seldum grillum

### BROIL KING SIGNET 20

- 13,2 kW / 50,000 BTU Dual-Tube™ brennarar
- 3 Dual-Tube™ ryðfríir línubrennarar
- 2 grillgrindur úr steypujárni
- Ryðfrí eldunarhlíf Flav-R-Wave™
- Hágæða Accu-Temp™ hitamælir
- Sure-Light™ elektrónískt kveikjukerfi
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrökum
- Skápur með stálhurðum

**58.320,-**

~~72.900,-~~

**N1 ÞJÓNUSTUÐVAR**

**N1 VERSLANIR**

Tilboðin gilda frá 20. til 25. maí

**WWW.N1.IS**

# Hvers vegna PwC?

\*connectedthinking

Þekkingarfyrirtæki í fremstu röð á Íslandi og leiðandi á alþjóðavettvangi.

- Endurskoðun
- Fyrirtækjaráðgjöf
- Skatta- og lögfræðiráðgjöf

Reykjavík - Akureyri - Húsvík - Árborg - Reykjanesbær [www.pwc.com/is](http://www.pwc.com/is)

PRICEWATERHOUSECOOPERS